



Alþýðusamband Íslands

Skuldbindingar lífeyrissjóða með ábyrgð ríkis- og sveitarfélaga

Mikið hefur verið rætt um stöður lífeyrissjóðanna að undanförmu, sem er eðlilegt vegna áfalla sem sjóðirnir urðu fyrir í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin fer nú í gegnum. Samhliða hafa stjórnámálamenn velt fyrir sér ýmsum leiðum til þess að skattleggja það fjármagn sem launafólk leggur til hliðar af launum sínum til þess að tryggja sér fjárhagslegt öryggi á efri árum og fjölskyldu- og áfallalífeyrir ef áföll verða á starfsævinni. Hingað til hefur þessi umræða mótast að mestu af þeim eignum sem í sjóðunum eru, en mun minna fer fyrir umræðu um þau réttindi og þær skuldbindingar sem þessar eignir eiga að standa undir. Það er athyglisvert að Fjármálaeftirlitið, sem er opinber eftirlitsaðili með starfsemi lífeyrissjóðanna, birtir árlega ítarlegar upplýsingar um eignir sjóðanna og sundurliðun þeirra á einstaka eignarflokka, en birtir engar upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu kerfisins. Tryggingafræðileg mat, sem öllum lífeyrissjóum er skylt að framkvæma ár hvert, segir til um það hvort eignir sjóðsins geti staðið undir þeim skuldbindingum sem sjóðfélögum hefur verið lofað hverju sinni. Þetta eru ekki síður mikilvægar upplýsingar fyrir almenning sem á réttindi í sjóðunum.

Lífeyrisnefnd ASÍ hefur af þessum sökum tekið saman upplýsingar úr ársreikningum allra lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármálaráðherra. Í töflunum hér að neðan má sjá eignir og skuldbindingar lífeyrissjóðanna í árslok 2008 miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegra athuganna á stöðu bæði eigna og skuldbindinga. Skoðuð er sérstaklega skuldbinding umfram eignir í þeim sjóðum sem njóta bakábyrgðar ríkis og sveitarfélaga og standa þarf straum af úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Ef skuldbindingar eru umfram eignir til lengri tíma í þeim lífeyrissjóðum sem ekki njóta bakábyrgðar launagreiðenda, sem eru lífeyrissjóðir allra starfsmanna á almennum vinnumarkaði, þýðir það aftur á móti að skerða þarf réttindi sjóðfélaga til að jafna stöðu sjóðsins.

Heildarstaða lífeyriskerfisins

Þegar heildarstaða lífeyrissjóðanna er skoðuð, þ.e. bæði verðmæti áunninna réttinda og framtíðarréttinda þeirra sjóðfélaga sem nú eru virkir, voru heildareignir lífeyrissjóðanna 2.457 milljarðar króna í árslok 2008. Á sama tíma voru heildarskuldbindingar lífeyrissjóðanna 3.165 milljarða króna. Skuldbindingar lífeyriskerfisins í heild voru því **708,5 milljörðum** króna meiri en sem nam uppsöfnuðum eignum og framtíðariðgjöldum sjóðafélaganna, eða sem nemur 22,4% umfram skuldbindingar.

Af þessum ríflega 700 milljörðum var halli lífeyrissjóða launafólks á almennum vinnumarkaði um 200 milljarðar króna, en til að rétta stöðuna af urðu stjórnir flestra þessara sjóða að bregðast við með því að lækka réttindi lífeyrisþega sinna strax á vormánuðum 2009, enda ekki um neina bakábyrgð launagreiðenda að ræða líkt og hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna.

Tafla 1: Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða í árslok 2008

	Heildareignir	Heildar skuldbindingar	Hrein eign umfram skuldbindingar	Hlutfall af skuld- bindingum
Sjóðir með ábyrgð launagreiðanda	708.969.652	1.212.593.506	-503.623.854	-41,5%
<i>p.a. ábyrgð ríkisins</i>	539.280.360	979.072.479	-439.792.119	-44,9%
<i>p.a. ábyrgð sveitarfélaga</i>	169.563.781	229.009.552	-59.445.771	-26,0%
<i>p.a. ábyrgð fyrirtækja</i>	125.511	4.511.475	-4.385.964	-97,2%
Almennir lífeyrissjóðir án ábyrgðar launagreiðenda	1.439.840.337	1.613.522.292	-173.681.955	-10,8%
Aðrir lífeyrissjóðir án ábyrgðar launagreiðenda	307.798.835	339.014.581	-31.215.746	-9,2%
Samtals	2.456.608.824	3.165.130.379	-708.521.555	-22,4%

Ef lítið er á þá lífeyrissjóði sem njóta bakábyrgðar launagreiðenda sem eru fyrst og fremst sjóðir starfsmanna ríkis og sveitarfélaga voru eignir þeirra sjóða tæplega 709 milljarðar króna í árslok 2008 og skuldbindingar 1.213 milljarðar króna. Samanlögð staða lífeyrissjóða sem njóta bakábyrgðar ríkis og sveitarfélaga var þannig neikvæð um **500 milljarða** króna í árslok 2008, eða um 42% skuldbindinga. Þá er ekki talin með sú 22 milljarða króna áfallna skuldbinding ríkissjóðs vegna sérkjara ráðherra, alþingismanna og æðstu embættismanna sem fram kemur í ríkisreikningi. Mestur hluti þessara miklu skuldbindinga fellur á ríkissjóð eða tæplega 440 milljarðar (auk þessara 22 milljarða í ríkisreikningi) en um 59 milljarðar falla á sveitarfélögin í landinu.

Mikil hækkun á lífeyrisbyrði í opinbera kerfinu

Það er einnig athyglisvert að frá árslokum 2002 til ársloka 2008 uxu skuldbindingar umfram eignir í lífeyrissjóðum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga, úr 317 milljörðum króna í um 522 milljarða. Þessi mikla aukning hefur átt sér stað þrátt fyrir að ríki og sveitarfélög hafi á tímabilinu greitt hvorki meira né minna en 166 milljarða að núvirði aukalega til þessara sjóða. Þetta þýðir að nýjar skuldbindingar þessara sjóða hafi vaxið um 227 milljarða króna umfram verðlagsþróun á tímabilinu eða um 38 milljarða króna á ári að jafnaði (sjá nánar töflu 2 hér að neðan).

Skuldbindingar lífeyrissjóða opinberra starfsmanna hækkðu mest á árinu 2008 í kjölfar efnahagshrunsins, en tap vegna hlutabréfa og skuldabréfa í þessum sjóðum leggst af fullum þunga á ábyrgðaraðila þeirra sem eru sjóðir ríkis og sveitarfélaga. Tap þeirra hefur því engin áhrif á réttindi sjóðsfélaga líkt og hjá sjóðum launafólks á almennum vinnumarkaði.

Auk efnahagshrunsins má rekja þessa hækkun að langstærstum hluta til beinnar tengingar lífeyrisréttinda þeirra ríkisstarfsmanna sem greiða í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, við þróun dagvinnulauna opinberra starfsmanna. Þetta er tilkomið vegna réttindakerfisins í B-deildinni sem er með þeim hætti að eftirlaun sjóðfélaga eru tiltekið hlutfall af launum þess eftirmanns sem tekur við starfinu þegar sjóðfélagi fer á lífeyrir. Þannig að þegar opinberir starfsmenn fá launahækkunir þýðir það að lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga, starfandi eða lífeyrisþega, aukast. Staðan er nú sú að lífeyrisskuldbindingar hins opinbera hafa hækkað töluvert meira á undanförunum árum en laun opinberra starfsmanna og mun meira en laun á almennum vinnumarkaði.

Lætur nærri að hrein aukning þessara lífeyrisskuldbindinga svari til um 25% af launakostnaði ríkis og sveitarfélaga á hverju ári vegna allra þeirra starfsmanna sem réttindi eiga í þessum sjóðum – eða allt að sex sinnum meira en sem nemur launahækkunum þeirra sem eru í starfi. Það þýðir í stuttu máli að ef laun opinberra starfsmanna hækka um 1% þá aukast lífeyrisskuldbindingar opinberra aðila sjálfkrafa um 6%.

Kerfi komið að þrotum

Ef 522 milljarða króna halli opinbera lífeyriskerfisins yrði fjármagnaður með útgáfu skuldabréfs (líkt og þegar Reykjavíkurborg lagði andvirði sölu á eignarhlutum í Landsvirkjun í einu lagi inn í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar) og það skuldabréf yrði til 25 ára (áætlaður meðallífslíkur þeirra sjóðafélaga sem greiða í B-deildarsjóðina) yrði árleg greiðslubyrði ríkis og sveitarfélaga af skuldabréfinu um 28 milljarðar króna. Sú greiðslubyrði jafngildir því að lagður væri 4% tekjuskattur á alla landsmenn sem eingöngu færi í að standa undir þessari skuld og er þá

miðað við það að lífeyrisbyrði hins opinbera hætti að vaxa og eignir og skuldbindingar í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna þurfi í framtíðinni að standast á líkt og í sjóðum launafólks á almennum markaði — sem að óbreyttu eru engar forsendur fyrir!

Tafla 2: Þróun ábyrgðar hins opinbera á lífeyrisskuldbindingum 2002-2008

Mill.kr.	Ábyrgð ríkisins	Ábyrgð sveitar- félaga	Samtals
Staðan 2002	254.710.845	62.331.511	317.042.356
Aukainnborgun 2003-2008	90.519.780	37.169.506	127.689.286
Núvirði innborgunar ¹⁾	118.970.102	47.338.491	166.308.592
Vænt staða 2008 ²⁾	233.116.722	38.822.363	271.939.085
Raunveruleg staða 2008	439.792.119	59.445.771	499.237.890
Ný tryggingaskuld á tímabilinu	206.675.397	20.623.408	227.298.805

1) Núvirði er reiknað m.v. verðbólgu og 2,5% raunvexti (2% á B-deild og 3,5% á A-deild.

2) Skuldbinding 2002 að frádregnu núvirtu viðbótarframlagi áráanna 2003-2008.

Nánari sundurliðun á útreikningum lífeyrisnefndar ASÍ á tryggingafræðilegu mati lífeyrissjóðanna er að finna á heimasíðu ASÍ, þar sem einnig er að finna ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar um lífeyrissjóðina. Sjá hér http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-35/76_read-335/

Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ